REGLUGERÐ

um efnislegar samkeppnisreglur í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 1.-11. tölul. og 14. og 15. tölul. XIV. viðauka, skulu öðlast gildi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIV. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans.

2. gr.

Eftirtaldar EB-gerðir öðlast því gildi hér á landi, sbr. 1. gr.:

a. Reglugerð um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja nr. 4064/89/EBE, með síðari breytingum.
b. Reglugerð um beitingu 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins gagnvart flokkum samninga um einkadreifingu nr. 1983/83/EBE, með síðari breytingum.
c. Reglugerð um beitingu 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins gagnvart flokkum samninga um einkakaup nr. 1984/83/EBE, með síðari breytingum.
d. Reglugerð um beitingu 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins gagnvart tilteknum flokkum samninga um sölu og viðhaldsþjónustu ökutækja nr. 123/85/EBE, með síðari breytingum.
e. Reglugerð um beitingu 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins gagnvart tilteknum flokkum nytjaleyfissamninga vegna einkaleyfa nr. 2349/84/EBE, með síðari breytingum.
f. Reglugerð um beitingu 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins gagnvart flokkum samninga um sérhæfingu nr. 417/85/EBE, með síðari breytingum.
g. Reglugerð um beitingu 3. mgr. 53. gr. EES- samningsins gagnvart flokkum samninga um rannsóknir og þróun nr. 418/85/EBE, með síðari breytingum.
h. Reglugerð um beitingu 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins gagnvart tilteknum flokkum umboðssamninga nr. 4087/88/EBE.
i. Reglugerð um beitingu 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins gagnvart tilteknum flokkum nytjaleyfissamninga um kunnáttu nr. 556/89/EBE.
j. Reglugerð um að beita samkeppnisreglum gagnvart flutningum á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum nr. 1017/68/EBE.
k. Reglugerð sem setur nákvæmar reglur um um beitingu 85. og 86. gr. Rómarsáttmálans gagnvart flutningum á sjó nr. 4056/86/EBE.
l. Ákvörðun nr. 24/54 varðandi reglugerð um framkvæmd 1. mgr. 66. gr. sáttmálans um yfirráð í fyrirtæki.
m. Ákvörðun nr. 25/67 varðandi reglugerð um framkvæmd 3. mgr. 66. gr. sáttmálans um undanþágu frá fyrirfram veittu leyfi, með síðari breytingum.

3. gr.

EB-gerðir sem vísað er til í 1. og 2. gr. eru birtar í sérriti, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993.

Samkeppnisstofnun mun gefa út í sérstakri handbók reglugerðir EES á sviði samkeppnismála.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 48. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar.

Viðskiptaráðuneytið, 31. desember 1993.

Sighvatur Björgvinsson.

Þorkell Helgason.

Nr. 595 31. desember 1993

BÆJANÖFN O.FL.

Menntamálaráðuneytið hefur – samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1953 um bæjanöfn o.fl. – gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum nöfnum á árinu 1993:

VESTUR-HÚNAVATNSSÝSLU:
Laufás á býli í landi Kothvamms í Hvammstangahreppi.

ÁRNESSÝSLU:
Hrafnkelsstaðir II á býli í stað Hrafnkelsstaða IV, Hrunamannahreppi.
Stekká á garðyrkjubýli í landi Snorrastaða, Laugardalshreppi.
Kringla II á nýbýli í landi Kringlu, Grímsneshreppi.
Sléttaból á nýbýli í landi Kálfhóls, Skeiðahreppi.
Dalbær III á nýbýli í landi Dalbæjar II, Hrunamannahreppi.

AUSTUR-HÚNAVATNSSÝSLU:
Austurhlíð II á iðnaðarbýli í landi Austurhlíðar, Bólstaðarhlíðarhreppi.

AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU:
Skriða á skógræktarbýli í landi Miðskers, Nesjahreppi.

EYJAFJARÐARSÝSLU:
Leifsstaðir II á nýbýli í landi Leifsstaða, Eyjafjarðarsveit.

Menntamálaráðuneytið, 31. desember 1993.

F. h. r.
Árni Gunnarsson.

Þórunn J. Hafstein.